

BERGSVEINN BIRGISSON

Að skrifa með báðum heilahvelum

Akademísk orðræða, mannsheilinn og hið mannlega

MIG langar að fjalla hér um efni sem mér hefur verið hugleikið nokkurt skeið þó að ég hafi hingað til ekki gert meira en að tæpa óbeint á því.¹ Þessi „óbeinu“ skrif um efnið birtust í bók sem kom út á íslensku árið 2016 og kallast *Leitin að svarta víkingnum*. Liggur það verk til grundvallar þessari umfjöllun. Aðferð við heimildarýni, aðferðafræði almennt og orðræða þeirrar bókar er ekki reifuð eða rökstudd þar í sjálfu sér. Í bókinni er aðeins sýnt með því að gera og skrifað út frá mínum þönkum um efnið án þess að þeir þankar séu orðaðir, enda slíkt ekki endilega leggjandi á almennan lesanda með áhuga á víkingaöld. Það er þessi forvinna bókarinnar er lýtur að vísindahugtaki og akademískri orðræðu innan lítillar greinar hugvísinda sem mig langar að víðra hér; köllum það hugleiðingar af jaðarsins fríska kanti.

Ég vil byrja á smá *humilitas* í anda forfeðranna og minni á að ég tala hér um fræðitexta og vísindalega aðferðafræði út frá *Leitinni að svarta víkingnum*, því efni og þeim fræðigreinum sem ég legg lag mitt við þar. Aðrir verða síðan að ákvarða hvort nokkuð af þessum hugsunum geti haft víðari skírskotun fyrir fræðibækur og akademíska orðræðu almennt, innan annarra greina og lærdómshefða. Í því tilviki væri gagnlegt að líta til gamallar umræðu um hinn æskilega mun á raunvísindum og hugvísindum samkvæmt mönnum eins og t.d. Heinrich Rickert (1929) og Max Weber (1976).

Aðeins um forsögu mína. Ég kem að þessu efni bæði sem fræðimaður og rithöfundur. Ég var viðloðandi akademíuna frá 1993 og þar til ég árið 2008 varði doktorsritgerð mína við Háskólann í

1 Þessi grein er byggð á erindi sem höfundur hélt í Neskirkju í Reykjavík 14 nóv. 2018 í boði Félags íslenskra fræða.

Björgvin, *Inn í skaldens sinn*, um fornnorræn dróttkvæði (Bergsveinn Birgisson, 2008), og reyndar nokkuð lengur en það sem stundakennari. Ég hef skrifað vísindalegar greinar í ritrýnd tímarit um mitt sérfræðiefni. Hinsvegar yrki ég ljóð og skrifa skáldsögur.²

Af þessum sökum hef ég lengi velt vöngum yfir muninum á því að skrifa innan akademískrar orðræðuhefðar og að skrifa eins og skáldsagnahöfundur, sem skynja má sem svo að manni sé þröngvað í átt að nokkurskonar uppdeilingu sjálfsins í anda Dr. Jekyll og Mr. Hyde. Það fyrrnefnda krefst á margan hátt annarrar manneskju, eða aðeins viss hluta af manneskjunni sem maður er, og þá fyrst og fremst þess sem lýtur að svokallaðri „röklegri“ hlið manns. Við vitum að þessi aðskilnaður frá því huglæga og tilfinningalega er nokkuð sem aldrei myndi ganga fyrir skáldsagnahöfund þar sem starf hans er í því fólgið að þreifa um og bretta út slíka kima mannsálarinnar. Hins má líka minnst að stærstu vísindakenningar byrja oft með tilfinningu, sem síðan fær röklegt form og er klætt í staðlaðan orðræðubúning.

Í sannleika sagt hef ég haft vissa ónotatilfinningu gagnvart þessari uppdeilingu, þ.e.a.s. hvernig akademían krefst þess að maður sé annar maður. Ég hef á seinni tímum reynt að skilja hvað hefur gefið mér slík ónot, og ekki fyrr en á seinni árum hef ég leitast við að orða þau. Leiðir hafa skilið, ekki bara með skipum og fiðrildum eins og Hannes Pétursson orti, heldur líka með akademíkerum og rithöfundum.

Það voru aðrir tímar þegar Einar Ólafur Sveinsson og Sigurður Nordal voru upp á sitt besta innan norrænna fræða á fyrri hluta 20. aldar. Báðir góð skáld og annar hnyttinn smásagnahöfundur líka, en að auki voru fræðitextar þeirra mun bókmenntalegri og myndrænni, tilfinningaríkari en gengur og gerist í dag. Vitanlega ein-kennist stíll samtíðarmanna þeirra mjög af því sama og nægir þar að nefna Vilhelm Grønbech og Axel Olrik í Danmörku. Inngangur Einars Ólafs að *Brennu-Njáls sögu* í útgáfu Íslenskra fornrita lít ég

2 T.d. „Skaldic Blends out of Joint: Blending Theory and Aesthetic Conventions“ (2012) og birtist í *Metaphor and Symbol* 27: 283–298; síðasta skáldsaga heitir *Lif-andilíflækur* (Bjartur, 2018).

fyrst og fremst á sem fagurfræðilegan texta — sem glæsilega bókmennt, um leið og sá tilfinningalega blæbrigðaríki texti stjórnast af innsæi eftir áratugastarf við norræna miðaldatexta og einlægum vilja til að lýsa inn í hug Njáluhöfundar. Um leið er það einn sá vísindalegasti texti sem ég þekki um Njálu. Hinn víðlesni, klassískt dannaði og samtímis tilfinninganæmi fræðimaður er deyjandi manngerð, og spyrja mætti af hverju það er svo og í þágu hvers.

Á ferðum mínum um háskóla hér á Norðurlöndum heyrir ég gjarnan sömu klögumálin, m.a. frá fornleifafræðingum sem segja að það sé búið að taka ímyndunaraflíð frá þeim, þeir megi ekki lengur reyna að sjá fyrir sér fortíðina með hugmyndafluginu, það sé nú kallað óvísindalegt — en það voru einmitt slíkar fantasíur um forna menningarheima sem fengu þá til að læra fornleifafræði.

Í *Leitinni að svarta vikingnum* freistaði ég þess að sameina hið vísindalega og hið bókmenntalega — ég veit að slíkt hljómar hátíðlegt og pompöst — en ég hef kallað þennan texta blending (*hybrid*), og tala í því samhengi um að skrifa með báðum heilahvelum. Þá hef ég kallað textann vísindalega sögu út frá þeim forna skilningi að SAGA sé samsteypa sagnfræði og bókmennta.

Snemma á lærdómsferlinum skilst manni að ef maður ætlar að reyna að nota miðaldatexta sem sagnfræðiheimildir um heiðna tíma verður maður að þróa með sér einhverskonar aðferð sem aðskilur sagnaritara (hámiðaldir) frá efninu sem hann miðlar, t.d. er kemur að víkingaöld (793–1066). Í þeirri heimildarýni sem kölluð hefur verið sögurýni (d. *sagakritik*) er nú orðin til hefð fyrir því að varpa öllu nema norrænum samtímasögum fyrir róða sem sögulegum heimildum. Aðrar sögur sem hafa á sér ævintýralegan blæ (fornaldar-sögur) eða lýsa tímum löngu fyrir ritunartíma, eins og Halvdan Koht gagnrýndi Snorra og Heimskringlu fyrir, voru álitnar gagnslausar sagnfræðiheimildir. Þessi sýn á málið, sem reyndar má finna hjá Árna Magnússyni þegar á 17. öld (Vésteinn Ólason 1987), fékk byr undir báða vængi snemma á 20. öld (Koht 1914; Nansen 1911; Weibull 1911).³

3 Þess ber að geta að Vésteinn Ólason færir í tilgreindri grein frá 1987 rök fyrir því að finna megi sagnfræðilegan kjarna í textum eins og Íslendingasögum.

Hér veltir lítil þúfa þungu hlasi, sé þetta tekið gilt. Nærtækt dæmi er hið ævintýrlega Bjarmaland í norðri. Það fær nánast einungis umfjöllun í fornaldarsögum. Sé þeim heimildum kastað er harla fátt að ræða — sem reyndar getur þjónað sem ágætis yfirlit yfir umfjöllun fræðimanna um Bjarmaland síðasta árhundruðið. Þar segir vissulega frá bardögum við dreka og tröll, gull í grafhaugum og því sem kallaðist *fabula* í miðaldasagnfræði, þ.e. því sem hvorki hefur gerst né getur gerst — en þar er líka annað og meira og því finnst manni barninu alloft kastað út með baðvatninu. Ég lít svo á að afgangið alla fornaldarsagna og annarra texta um heiðna tíma sem ónothæfar sagnfræðiheimildir sé nokkuð kategórísk og grófheflud og megi í raun tengja við þá vísindalegu „sýndarmennsku“ sem m.a. hefur ráðist gegn ímyndunarafli og tilfinningum fræðimanna. Önnur og að mínu mati frjósamari leið er að líta á hið ævintýrlega í slíkum sögum sem skáldlegar myndir sem hlaðist hafa á tiltekið efni í munnlegri geymd um leið og leiða mætti hugann að því hvort einhver sögulegur kjarni geti hafa kveikt þær myndir. Af hverju myndast sögur af gulli og ríkum grafhaugum lengst í norðri?

Hvernig akademían hefur fjarlægst fólk flest

Ég vil byrja á að deila með ykkur hugsun — eða tilfinningu? Eins og ég lít á málið varðandi bókmenntaleg stílbrögð í fræðibókum er ekki nóg að taka fyrir eitthvert vísindalegt efni og setja inn bókmenntalega effekta í því skyni að skapa góðan og læsilegan texta. Hugsunin með blendingsforminu er sú að aðferðin ætti þegar að haldast í hendur við sjálft efnisvalið, um leið og sú staðreynd er höfð í huga að það er sjálft efnið sem ræður miklu um aðferðafræði og orðræðu. Form og efni eru samspyrnt langt inn í kaótískar víddir hugans og manni er skapi næst að halda að getu til að ástunda alvörugefin vísindi megi mæla í „kaós-þoli“ viðkomandi.

Þá er heillavænlegt að mínu mati ef það fyrirfinnst einhverskonar saga í efninu sem á að miðla, tilvistarlegar spurningar sem hafa breiðari skírskotun en hið þrönga fag eða lærdómshéðin í sjálfu sér rúmar. Með tilvistarlegu efni á ég við eitthvað sem kemur lesandanum við sem manneskju og ekki bara sem fræðimanni. Ef

Þessi víðari skírskotun er ekki fyrir hendi í sjálfu efninu, þá myndi ég segja að það sé hlutverk fræðimannsins að opna efnid fyrir slíkum víddum. Það er aukavinna, launalaus aukavinna í akademísku samhengi. Í mínu tilfalli var t.d. engin saga, engin skýr samhangandi frásögn, aðeins textabrot og sagnaslitruv hér og þar, og því þurfti ég að reyna að finna söguna sem lá þessum brotum að baki.

Þá verður ekki komist undan að nefna ritstjórn hvað varðar íslenskar fræðibækur. Slík ritstjórn virðist ekki vera til, og eru því fræðibækur og ævisögur að jafnaði 100–300 síðum of langar.

Aftur að akademískum skrifum. Það er framleitt stigvaxandi magn af vísinda- og fræðitextum innan fræðasamfélagsins. Margt af þessu er skrifað af dugandi fræðimönnum sem leysa sitt starf samviskusamlega af hendi. Þó er algengast að þessir textar séu aðeins lesnir af örfáum kollegum í faginu, félögunum á ganginum, og þessir textar verða æ óaðgengilegri fyrir fólk flest.

Ein skýring er sérhæfingin sem fræðasamfélagið gerir stöðugt meiri kröfur til; tilgátur og fræðilegar spurningar verða sífellt míkroískari í eðli sínu. Frá því að geta skrifað ritgerð um íþróttir fornanna, eins og Björn Bjarnason gerði fyrir rúmum 100 árum, myndi maður nú á tímum verða að skrifa um aðeins eina íþrótt, t.d. skákíþróttina, og þess þá sennilega krafist að einblínt sé á hið svokallaða hneftafl, þá hneftafl á ákveðnu tímabili eða í ákveðnum heimildum eins og konungasögum.

Í þessu ferli hverfa jafnframt hinar breiðari línur og hið víðara samhengi hlutanna, einmitt það sem er best til fallið að miðla til annarra, þ.e.a.s. hinn tilvistarlegi slagkraftur sem nær út fyrir fagnörðaskap hverrar fræðigreinar. Þetta er hið breiða sjónarhorn sem sérhver skáldsagnahöfundur verður t.d. að taka tillit til þegar hann skrifar sögulega skáldsögu. Undantekningar þar sem menn fara í hina áttina eru höfundar eins og Jared Diamond sem reynir að búa til einskonar siðmenningartilgátu eða syntesu um mannlegt félag í sínum bókum, líkt og Yuval Noah Harari heldur áfram í sínum bókum.⁴ En

4 Aðalbækur Diamond eru *Guns, Germs & Steel* (1997) og *Collapse: How Societies Choose to Fail or Succeed* (2005). Harari er þekktastur fyrir *Sapiens: A Brief History of Humankind* (2011) og *Homo Deus: A Brief History of Tomorrow* (2015).

þó að sumir fræðimenn hafi komið auga á þessa greinilegu vöntun hins breiðara samhengis í vísindaskrifum nú til dags, þá má segja að slíkar tilraunir séu ekki endilega vinsælar innan akademíunnar sjálfrar. Sumir verða óvinsælir af slíkum skrifum og stimplaðir sem popúlístar. Hér má ætla ástæðuna einskonar samfall milli hins míkroískt afmarkaða og „alvörgefinna“ vísinda. Ef spurnin sem unnið er með er nógu smá og rækilega afmörkuð er það þarafleiðandi ekta vísindi. Þannig getur akademískur ferill verið í vissri hættu ef viðkomandi freistar þess að skrifa af faglegum þunga fyrir breiðan lesendahóp. Það er vitanlega sjálft háskólakerfið sem hefur ýtt undir þessa þróun. Ég valdi að yfirgefa akademíuna og hætta allri kennslu og greinaskrifum þegar ég hófst handa við *Leitina að svarta vikingnum*. Það var líkt og nauðsynlegt ritúal í mínu tilviki.

Látum nægja að nefna launakerfi akademíunnar. Það gefur fræðimanni bæði stig og aukin laun að skrifa fyrir „félagana á ganginum“ um míkroískt afmörkuð efni. Miðlun rannsókna til breiðari lesendahóps gefur hvorki af sér stig né pening fyrir fræðimanninn. Slíkt verður hann að gera af eigin hugsjón og fyrir styrki úr sjóðum utan háskólastofnana. Ég minnst þess sem málvísindamaðurinn Helgi Guðmundsson sagði eitt sinn, að skikka ætti fólk innan hugvísinda til að *borga með* greininni sinni í stað þess að fá borgað fyrir hana. Með því móti myndi fólk aðeins birta það sem lægi því virkilega á hjarta og það álitu mikilvægt. Það væri þá minna um svokallaðar „cut og paste greinar“, þær væru færri og vandaðri. Þá má segja að framsetning og magn upplýsinga með nýjustu forritum og gröfum, neðanmálgreinar og langar heimildaskrár séu til fyrirmyndar, það sem manni finnst skorta meira á er rækilega ígrunduð túlkun þessara sömu upplýsinga, eithvert mannlegt súbjekt sem rís upp úr efninu eftir að hafa melt það rækilega. Að rannsóknir innan hugvísinda verði æ gervigreindarlegri í eðli sínu og inntaki er öfugþróun að mínu mati. Einmitt hér ætti hið mannlega súbjekt að eiga sitt síðasta vígi. *Humaniora*, eins og hugvísindi kallast á norðurlandamálum, er latína og vísar til hins mannlega.

Hljómfall eða tónn fræditexta

Eitt er að finna sögu, annað er síðan hljómfall eða tónn gagnvart lesanda. Ætli maður að skrifa texta sem uppfyllir kröfur bæði fræða og bókmennta mætti að mínu mati taka fyrstu skrefin með því að segja skilið við hina hefðbundnu akademísku orðræðu. Í þessu ferli neyðist maður til að skora á hólm vissar fastgæfnar tvenndir (e. *dic-hotomies*) sem eru djúprættar í hugsun og taugakerfi okkar upplýstra — ekki síst þeirra sem lengi hafa gengið menntavegin.

Fyrsta tvenndin varðar hið hlutlæga og hið huglæga. Mig langar að skoða þessa tvennd aðeins nánar af þeirri ástæðu að ég endaði á því að þróa nokkuð huglæga rödd í frásögn téðrar fræðibókar, nokkuð sem ég held að hafi bjargað bókinni á þann hátt að það gerði hana læsilega. Í raun réttir hef ég verið undravert lítið gagnrýndur fyrir þetta huglæga frásagnarform. Annaðhvort er það til marks um að akademíkerar sjálfir eru orðnir hundleiðir á hlutlægnisröddinni sem drottinnar yfir orðræðunni — eða hitt, sem mér þykir sennilegra, að menn hugsa einfaldlega að þessum manni sé ekki alvara, það sé ekki hægt að líta á svo huglægan texta sem fræðilegan og því óþarfi að segja nokkuð — þetta er einfaldlega skáldsaga.⁵ Í nokkurri af þeirri gagnrýni, sem bókinn hefur fengið á Íslandi og í Noregi, tók ég eftir því að öll hættuljós taka að blikka þegar fræðimaður sýnir áhuga á efninu sem hann miðlar:

... þó hann haldi því fram í margívitnuðum lokaorðum að bókinn sé „vísindalegt rit“ þá grunar mig að kollegar hans muni finna í henni ýmsar rökholur og tæpa bláþræði. Það er sterkur áhuga- og ástríðumannasvipur á *Leitinni að svarta vikingnum*. Engum hefði brugðið þó t.d. verkfræðingur á eftirlaunum hefði sent frá sér slíka bók. (Þorgeir Tryggvason 2016)

Það er mjög áhugaverð rökleg afleiðsla að ef höfundur sýni áhuga á efninu sem hann skrifar um, hljóti að vera vísindalegir hnökra á þeim sama texta. Vert er að hugleiða hvaða mynd af vísindamann-

5 Sem dæmi um þennan skilning má nefna bækling frá Miðstöð íslenskra bókmennta um bækur sem selst hafa til erlendra forlaga árið 2018 (*Books from Iceland 2018*) þar sem *Leitin að svarta vikingnum* er flokkuð sem skáldsaga.

inum búi þar að baki. Sannleikans maður birtist sem rykfallinn kon-
tórísti, áhugalaus, viljalaus og objektífur miðlari sannleikans án þess
að blanda mennsku sinni inn í þá miðlun á nokkurn hátt, vísín-
damaðurinn hnikast í átt að sæborg eða einskonar gervi-greindar-
legum andróíða.

Hér er best að taka fram að ekki er verið mæla gegn því aka-
demíska handverki er varðar að gaumgæfa heimildir rækilega og því
að leysa heimavinnu sína samviskusamlega af hendi. Slíkt hefur nú
á tímum aldrei verið mikilvægara til að hamla gegn því yfirborðshug-
arfari og meiningargaspri sem samfélagsmiðlar eiga mikinn þátt í að
þróa. Hér er til umræðu hin óskynsamlega dvínun mennskunnar
innan orðræðu og aðferðafræði hugvísinda.

Þá má skynja einskonar alræðislega þræslund gagnvart hinni
akademísku orðræðu, á þann veg að ef maður víkur frá henni augna-
blik í fræðitexta, til að slá á léttari strengi og hvíla lesandann á upp-
lýsingaflæðinu (svo sem er ég sé fyrir mér ýmis hliðarhlutverk
kvenþræla Geirmundar heljarskinns í *Leitinni að svarta víkingn-
um*), þá er það á sama hátt notað sem rök gegn öllu því sem miklar
rannsóknir liggja á bakvið (Gujord 2013). Það var alls ekki hirt um
að aðskilja eitt frá öðru þegar ég var gagnrýndur. Að ég skyldi vitna
í Carl Gustav Jung var notað til að rökstyðja hve óvísindalegur ég
væri — að vitna í hann var jafnvitlaust og að vitna í fornaldarsögu
þar sem hann ku vera úr tísku (Gujord 2013, 13. desember). Það
getur þvert á móti verið að texti miðli fræðilegum rannsóknnum þó
að þeim sé miðlað í formi símtals milli höfundar og aðalpersónu
bókar sem lifði fyrir 1100 árum. Símtal mitt við Geirmund heljar-
skinn í *Leitinni að svarta víkingnum* var til þess að fá fram ólíkar
áherslur í hugarfari mínu og landnámsmannsins. Þegar allt kemur til
alls er það ekki formið sem miðlar hugsuninni heldur gæði sjálfrar
hugsunarinnar sem málið snýst um.

Hugsunarhefðin sem við erum skóluð í kennir okkur þetta: Í
hlutlægniskatagóríunni drottnar hin vísindalega orðræða. Þar ræður
ríkjum skynsemin og hin röklega hugsun með sínum lógísku mynstr-
um er snúa að katagóríseringu, eldri spurningum innan lærdóms-
hefðar, túlkun þeirra og niðurstöðu. Hér á hin vísindalega aðferð
heima: Að kynna hinn empíríska grundvöll, gefa yfirlit yfir túlk-

anir annarra, mynda eigin tilgátu og komast að niðurstöðu. Og allt er þetta gert með hlutlægum anda sem hvorki sýnir áhuga né ástríðu fyrir efninu, heldur segir einfaldlega: Svona er þetta. Það fylgir með að fræðimaðurinn sjálfur á að vera sem minnst sýnilegur, það er hlutlaus og hlutlæg rödd sem talar, einkonar yfirnáttúrulegur andi. Megum við spyrja: Hvaðan kemur þessi raust? Og er endilega hlutlæg og hlutlaus hugsun að baki hinni hlutlægu rödd? Er hið hlutlæga (objektífa) í sumum tilfellum notað til að hylma yfir hið huglæga (súbjektífa) að baki? Og að lokum: Er hlutlæg hugsun til?

Í hinni kategóríunni, því huglæga, finnum við hinsvegar tilfingalegar hliðar skepnunnar, innsæi, ástríðu og líkamleg viðbragðsmynstur. Hér finnum við bókmenntir og skáldskap staðsettan, hugmyndaflug (e. *phantasy* af gr. *Phantasma* > gera sýnilegt), hér er hin góða saga sett á bekk með kenndum og því barnslega, hinu frumstæða, undruninni og hinu einfeldningslega eða naifa. Jafnvel sjálfur áhuginn á efninu virðist á leið inn í þessa kategóríu huglægninnar og þar með út úr hinni vísindalegu aðferð.

Pegar við ákveðum að sýna hinni akademísku orðræðu tryggð þýðir það að jafnaði að við reynum að koma böndum á hið huglæga, það er einkonar sáttmáli eða samkomulag sem maður gerir þegar maður stígur inn í hið akademíska umhverfi. Við getum sagt með vissu að hvor kategórían, hlutlægt vs. huglægt, ali af sér ólíka orðræðu — það er gerólíkt hljómfall í þeim. Enn og aftur þarf að minna á að ekki er verið að taka upp hanskann fyrir skussa sem ekki nenna að sinna heimavinnunni sinni eða hugsa ærlega hugsun — hér er ég að biðja um endurskoðun á steingervðum hugtökum eins og „skynsemi“ og „tilfinningum“ hvað varðar orðræðu og aðferðafræði.

Pegar kemur að huglægu bókmenntalegu hliðinni vil ég minnst orða rússneska skáldsins Osips Mandelstam (1992) sem hann skrifaði í einni bestu bókmenntaritgerð veraldarsögunnar. Hún fjallar um hinn guðdómlega gleðileik Dante og þar segir hann að það stóra við bókmenntaverkið — hér sýnir hann djúpt innsæi í kjarna bókmennta almennt — það stóra við verkið var að Dante sjálfur hagar sér eins og maður sem ekki veit í hvorn fótinn hann á að stíga. Hann er fálmandi, óviss, undrandi, hræddur, umkomulaus, og hann deilir

Því með okkur á máli sem heggur beint að kjarna tilfinninganna. Þetta gerir hann þó svo að gervöll reisan sé grundvölluð á miklum lærdómi; sumir segja Dante vera síðasta manninn í heiminum sem hafði yfirlit yfir allan lærdóm sem þá var mönnum aðgengilegur. Við fyrstu sýn kemur þetta fyrir sjónir sem veikluleg raust, fálmi, og slíka óvissu má túlka sem svo að viðkomandi viti hreinlega ekki hvað hann er að gera, að hann hafi ekki unnið heimaverkefni sín og hugsað hlutina í þaula, sett þá í sína flokka o.s.frv. En það væri yfirborðslegur misskilningur á þessu lærðasta verki miðalda, og þar yfirsést manni nákvæmni í sjón og lýsingu hans sjálfs. Ef skoðaðar eru t.d. höfuðpersónur í bókum Kafka einkennast þær mikils til af því sama; í aðstæðum sem framkalla umkomuleysi fáum við nákvæma greiningu á innra lífi viðkomandi gagnvart þessu umkomuleysi.

Hlutlæga röddin segir: „Gerðu svo vel, hér er empirían, hér færðu eldri túlkanir og hvernig það eru ýmsar skekkjur í þeim, en þetta er hin vísindalega niðurstaða sem hlýtur að vera rétt.“ Eða þá: „Það er ekki nógu áreiðanleg empiría eða áreiðanlegar heimildir og því ekki hægt að komast að niðurstöðu.“

Ef við reyndum hinsvegar að gera grein fyrir blendingsröddinni þá væri sáttmáli við lesanda á þennan veg: „Ég dyl ekki að ég er hugur eða subjekt í leit að merkingu. Ég er fálmandi og óviss og á erfitt á köflum með að finna samhengi milli hluta og heimilda, en ég reyni og ég undrast eitt og annað sem fyrir augu ber. Spurning hvort þú hafir áhuga á að fylgja mér á þessari vegferð samt sem áður.“

Þar sem önnur orðræðan er fálmandi og opin er hin lokuð og stefnir að takmarki. Það ríkir svokölluð markmiðsrökvísi (þ. *Zweckmäßigkeit*) í akademískri orðræðuhefð, svo við fáum hugtak að láni úr greiningu Max Weber (1976) á rökhyggju Vesturlanda. Það mikilvæga er að hægt sé að komast að niðurstöðu, rannsóknin þarf að vera fyrirsjáanleg að vissu marki. Sem dæmi má nefna að í umsóknnum um styrki til vísindaverkefna er gjarnan tekið fram hvaða niðurstöðu eigi að komast að og það undraverða er að slíkar útlistanir geta orðið til að greiða götu verkefnis innan styrkjakerfis! Minnst mætti orða Newtons gamla hér, að hann skáldaði ekki tilgátur, þær ættu að vaxa upp af rannsókninni sjálfri. Manni sýnist á

hinn bóginn að nútíma umsóknakerfi um styrki gangi einmitt út á að skálda tilgátur og mögulegar niðurstöður og biðja um fjármagn til að fá það staðfest.

Rökhyggjan segir okkur að vísindaleg rannsókn þurfi að vera praktískt möguleg og hafa visst „effektivitet“, hér í merkingunni að vera hagkvæm og raunhæf. Þetta eru þeir þættir sem stýra æ meira hinu stofnanabundna vísindasamfélagi, og mín tilgáta er sú að þessu stofnanahugarfari sóti þaðan að sama skapi inn í akademíska orðræðu. „Funi kveikist af funa,“ segir í Hávamálum, „maður af manni / verður að máli kunnur / en til dælskr af dul“.

Í stuttu máli sýnist mér viss hættu stefna að vísindunum ef einungis hið stofnanalega hugarfar á að fá að lifa, um leið og opin aðferð er kategoríseruð sem bókmenntaleg og „óvísindaleg“. Það eru „flösor í þeirri arghyrnu,“ sagði Skallagrímur um öxina sem honum var gefin af konungi. Hér tala ég fyrst og fremst út frá því að skrifa læsilega fræðitexta en fleira hangir á spýtu. Hið fyrsta er að þegar allt kemur til alls er hin hreina, hlutlæga rödd svo yfirnáttúrulega sterk að hún verður á einhvern hátt ómanneskjuleg, eða yfirmanneskjuleg, svo sterk að það er erfitt að láta sér þykja vænt um hana og hleypa henni að sér — inn í hug og hjarta. Hlutlæga röddin er höfuð sem er búið að fjarlægja frá líkama og tilfinningum, þessi rödd kemur mér fyrir sjónir sem mannsheili bobblandi í spíritus.

Það sem ég efast stöðugt meira um eftir því sem ég eldist er sú ályktun að það að sýna hlutlægru orðræðu tryggð sé það sama og að sýna hlutlægninni sjálfri tryggð. Hér er komið inn á það sem Max Weber benti m.a. á, að vísindamaður verði að halda málefnalegum staðreyndum skýrt aðskildum frá eigin huglægu mati á því sama. Um leið og ég er fullkomlega sammála slíku *takmarki* innan vísindatexta er málið flóknara en svo að slíkur aðskilnaður sé alfarið mögulegur, og þegar maður skilur að viss huglægni verði aldrei umflúin eru tvær leiðir færar — önnur að hylma yfir huglægni, hin að sýna hana.

Huglægnina má hvað gerst greina í akademískri orðræðu þar sem fólk tekur hluti persónulega og fer í vörn eða fer niðrandi orðum um andstæðing sinn í ritdeilum. Það getur andað miklum fjandskap af slíkri orðræðu; hið grátlega er að manneskjur sem

Þvælast inn í slíkt lokast og forherðast. Fólk sér hvorki né heyrir í andstæðingi sínum lengur. Hér kemur mér í hug hvernig Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur leyst vandamál samræðunnar þegar kemur t.d. að samræðum í sjónvarpi, nefnilega að tala hátt og með endurtekningum, jafnvel um leið og andstæðingurinn. Manneskjan verður frumstæð við slíkar aðstæður, undrun og sannur lærdómsandi hverfur, efnið verður aukaatriði, fræðimaðurinn sjálfur og persóna hans aðalatriði. Þó að menn viti í sjálfu sér ekki margt um starfsemi heilans þá geta menn nú mælt nokkuð áreiðanlega virkni eða starfsemi hinna ólíku hluta hans. Það sýnir sig að þegar einstaklingur er spenntur dregur úr virkni heilastöðvanna að sama skapi, einkum í *prefrontal cortex*, ennisheilaberkinum, því heilavæði sem hefur gert okkur að þeim síðuðu verum sem fóru fram úr dýrunum. Þar liggur hæfileiki okkar til eftirtektar og greiningarhæfni og virkni þessa svæðis skreppur saman við streitu. Því ættu akademískir vinnustaðir að efla fólk til að iðka jóga og innhverfa íhugun við litla gosbrunna ef þessi innsýn frá vísindunum ætti að ná að setja mark sitt á hina hlutbundnu menningu. En kröfur til fræðimanna eru sífellt meiri og dagarnir hlaðnari af skýrslugerðum, fundum og gæðamati, og ennisheilabörkurinn þar með á leið í þveröfuga átt frá djúphygli vísinda.

Þetta er að sjálfsögðu aðeins hin sýnilega huglægni. Ég myndi vilja líkja henni við prósentin tíu sem við sjáum af ísjakanum. Meira síðar um hina ósýnilega huglægni.

Ætli maður hinsvegar að reyna að ná til annarrar manneskju í góðri fræðibók er það eitt af fyrstu verkefnum að komast að því hvernig dempa megi þennan hlutlæga, röklega, valdsmannslega og sannfærandi stíl sem okkur er innrættur í akademísku umhverfi. Að finna manneskjulegri rödd. Rétt er að geta þess að mér er annst um vísindi. Annst um að finna hið sanna og rétta. Ég leyfi mér hinsvegar að efast um þá fullyrðingu eða röklegu jöfnu sem segir: Akademísk orðræðuhæfð = Vísindi. Ekki akademísk orðræðuhæfð = Ekki vísindi.

Innan akademíunnar sækir maður um styrk til að rannsaka afmarkað efni þar sem það þarf að vera viss fyrirsjáanleiki í því hvað maður ætlar að finna út og hvernig. Flest verkefni innan háskóla-

kerfisins vara í þrjú til fjögur ár. Hættan hér er hið óvænta, það undraverða sem fræðimaðurinn mætir gjarnan á leiðinni, og um leið kemur sú hneigð upp að líta fram hjá eða varpa slíkum óvæntum og vísindalegum ávinningum fyrir róða án nánari rannsókna af því að það var ekki skilgreint í umsókn og þar af leiðandi skyldi ekki nota fjármagn í að rannsaka það. Ég fullyrði hinsvegar að það geti legið vísindalegur áhrifsmáttur í hinni bókmenntalegu eða opnu aðferð. Það getur verið styrkur að hafa leyfi til að breyta þeim spurningum sem unnið er með eða finna nýjar og fara í aðra átt. Að sama skapi getur hið víða sjónarhorn, sem tengir ólíkar fræðagreinar saman, einnig gefið af sér mikilsvert framlag til vísinda.

Þegar ég byrjaði að skoða Geirmund heljarskinn og tengsl fjölskyldu hans við Bjarmaland, leit ég almennt á tengsl norrænna manna við þetta svæði Norður-Rússlands. Það leiddi mig síðan til þess að rannsaka efnahag víkingaaldar. Eitthvað vantaði m.ö.o. í þær efnahagslýsingar sem til voru meðal fræðimanna, ekki síst hvað varðaði efnahaginn að baki sjálfu hjarta víkingaaldar, víkingaskipinu, og því hvernig efnahagur að baki skipasmíðum var sjálfur grundvöllur valds á víkingaöld. Það leiddi til þess að ég skildi að menn urðu að fara lengst norður í höf til að afla nauðsynjavarnings fyrir víkingaskip. Þaðan fór ég svo að skoða fornaldarsögurnar, einu textana sem segja frá þessu svæði. Ég ætlaði sem sagt að rannsaka Bjarmaland, það leiddi mig til að rannsaka efnahag, þaðan yfir í víkingaskip, og það varpaði síðan nýju ljósi á skriflegar heimildir sem fræðimenn höfðu afskrifað, sem svo aftur vörpuðu ljósi á landnám Íslands. Ég barst fyrir vindi og með straumi. Hin fræðilega spurning eða vandamálið sem átti að rannsaka tók sífelldum stakka-skiptum og leiddi mig inn á nýjar og mér framandi brautir.

Ég bjó líka við þann munad að geta sýslað með þetta verkefni við hlið annarra verkefna um allan skeið. Það var ekki gerð nein verk-efnisáætlun þegar ég byrjaði að grafa. Ég leyfði mér að ætla mér breitt inntak eins og ég væri rithöfundur: Að reyna að grafa fram manneskju sem lifði fyrir 1100 árum og saga hennar í brotum. Ég hafði lært að læra. Kunni að lesa nokkrar tungur. Var með doktorsgráðu í norrænum fræðum og hafði þróað mína eigin heimildarýni eða það sem kalla mætti *gefúhl* fyrir heimildum. En ég vissi

ekki hvað myndi gerast. Aðferðin var að þessu leyti opin og bókmenntaleg. Ég reyndi sjálfur að nálgast efnið með opnum huga, og tilraun mín gekk út á að veita lesandanum hlutdeild í leit minni úr einu í annað. Ég vildi að lesandinn lærði um leið og ég.

Ég nefndi áður markmiðsrökvísi (þ. *Zweckmäßigkeit*). Rannsóknaraðferð sem beygir sig undir slíka hugsun getur að sjálfsögðu ekki fellt sig við hina opnu, fálmandi aðferð sem skyndilega breytir um stefnu. Þá er komið eitthvað óútreiknanlegt inn í dæmið, og einnig er ljóst að effektivitet, hagkvæmni og raunhæfni verkefnis veikist af slíkri opinni og ófyrirsjáanlegri aðferð. En þó er ekki víst að maður geti afskrifað sjálfa aðferðina sem minna vísindalega en þá markmiðsrökvísu.

Þegar ég tók að eygja einhvern annan efnahag en landbúnaðar-efnahaginn sem miðaldamenn tengdu við Geirmund rétt eins og alla aðra landnámsmenn, þá gerði ég tilraunir. Í félagi við tilgátu-fornleifafræðing frá Tromsø bjó ég til lýsi úr selspiki með þeirri aðferð sem tíðkaðist á víkingaöld. Við bræddum 50 lítra í þremur brennum í lítilli holu sem sagði okkur hvílíkt magn af þessari vöru mátti búa til á skömmum tíma. Það var mjög mikilvægt að sjá og skilja þennan hluta efnahagsins og með þessu móti vogaði ég mér að álykta í hverju ríkidæmi Geirmundar kynni að hafa falist eftir að ég hafnaði landbúnaðarkenningunni, þ.e. að landnámsmenn hefðu verið bændur. Ég talaði við skipasmiði sem höfðu byggt víkingaskip og báta samkvæmt eldri byggingarhefðum, fylgdist með þeim vinna. Ég hafði uppi á fólki sem kunni að búa til reipi úr selskinni og sá hvernig slík vinna fór fram; flókið handverk og tækni sem er að mestu glötuð en ennþá varðveitt meðal nokkurra Grænlandinga og Samójeda í Norður-Rússlandi og nokkrir Norðurlandabúar höfðu tileinkað sér. Ég tók að ganga á heiðar á Íslandi sem gætu hafa þjónað sem aðfangaleiðir fyrir Geirmund og hans fólk. Ekki vissi ég það fyrir að þessi rannsókn myndi leiða mig á slíkar götur.

Grundvallar- eða heildartilgátan, sem ég kalla syntesu í bókinni, gekk út á að fyrstu landnemar Íslands hefðu verið nokkurskonar gullgrafarar tengdir alþjóðlegri veiðimenningu, ekki síst veiðum á rostungum og öðrum stórum hreifdýrum (e. *pinnipeds*). Rannsókn mín hverfðist um að sýna hvernig finna mætti beinar og óbeinar

heimildir um slíkt upphaf, og síðan, af hverju miðaldamenn vildu ekki halda slíkri upphafssögu Íslands á lofti.⁶

Tveimur árum eftir útgáfu bókarinnar í Noregi⁷ má segja að þessi heildartilgáta hafi fengið frekari rökstuðning með alls óskyldri fornleifafræðirannsókn (Frei o.fl. 2015).⁸ Þess ber að geta að sú tilgáta að rostungsveiðar gætu hafa lokkað fyrstu landnemana til Íslands er eldri en mín bók. Á því höfðu bæði Orri Vésteinsson (2006) og Helgi Þorláksson (2006) tæpt í skrifum sínum og þar á undan Helgi Guðmundsson (1997). Þá hafði Bjarni F. Einarsson (2011) fært rök fyrir nokkurskonar frumstigi landnáms sem gekk út á nýtingu auðlinda eins og rostungstanna. En ég tel mig hafa verið fyrstan til að rökstyðja slíka tilgátu um upphaf Íslands, m.a. með vísun í skriflegar heimildir frá miðöldum þar sem gerð er heildstæð og þverfagleg grein fyrir dæmum um slíkt landnám út frá veiðimannaefnahag. Það sem virðist vera að gerast er að „alvöru vísindin“ koma eftir á ef svo mætti segja. Þar er sjaldnast vitnað í *Leitina að svarta víkingnum*, en niðurstaðan er sú sama. Þá hafa nýlegir fundir gamalla verbúða frá því fyrir eiginlegt landnám, bæði á Suðurnesjum og á Austurlandi, ýtt undir sömu skoðun (Bjarni F. Einarsson 2011, 2018). Fundur landnámsbæjar í Sandvík í Kaldrananeshreppi á Ströndum virðist síðan benda til hins sama, að þar hafi fyrstu landnemar reitt sig mun meira á veiðar og sjávarfang en landbúnaðartilgáta miðaldamanna lætur í skína.⁹ Allt ber að sama brunni. Hvað sem líður „rökholum og tæpum bláþráðum“ ber heildartilgátu bók-

6 Varðandi umfjöllun um sjálfsmyndarsköpun og upprunamýtu Íslendinga í *Leitinni að svarta víkingnum*, sjá Myhr o.fl. 2015.

7 *Den svarte vikingen* (Spartacus, 2013).

8 Um er að ræða niðurstöður stórrar rannsóknar fornleifafræðinga þar sem greint er frá ísótópagreiningu á rostungstönnum og getum að því leitt að þessi auðlind hafi lokkað fyrstu landnema til Íslands. Það að veiðimenn hafi leitað til Grænlandsrostungsins þegar sá íslenski tók að þverra, er síðan enn betur fest í sessi með nýlegri DNA-rannsókn (Star o.fl. 2018). Í burðarliðnum er þriðja rannsóknin þar sem beinaleifar rostunga frá Íslandi eru erfða- og aldursgreindar og færð rök fyrir því að sjálfstæður rostungsstofn hafi verið á Íslandi á landnámsöld, sem hafi líklega liðið undir lok vegna ágangs manna og hugsanlega einnig af náttúrulegum völdum (Keighley o.fl. 2019, handrit í vinnslu).

9 Búið er að gera alls fimm aldursrannsóknir á beinum úr ruslahaug í Sandvík á Ströndum, sem allar benda til landnámsaldar.

arinnar saman við þá grundvallartilgátu sem fornleifafræðingar og fræðimenn innan stofnfræða og líffræði hafa komist að varðandi upphaf landnáms á Íslandi. Engu að síður veit ég sjálfur að ég get ekki alltaf hafa hitt á það rétta þar sem ég get inn í eyðurnar í sögu Heljarskinns & Co. En hér hlýtur heildartilgátan að skipta mestu máli. Og spurningin er, ef ég er *ekki* að ástunda vísindi með minni rannsókn, hvað er ég þá að gera? Er ég skáldsagnahöfundur þótt ég í anda Webers geri samviskusamlega grein fyrir því hvar ég skálda í eyður og set fram huglægt mat og hvar ég byggi á empiríu og rannsóknnum?

Sú tilfinning sækir óneitanlega að manni að fornleifafræðingar óttist að þeir rýri sitt vísindalega orðspor ef þeir vitna í skriflegar miðaldaheimildir eða þá sem byggja á slíku — þar sem slíkt er að heita má úr tísku núna.¹⁰ En hvað um það þegar túlkun skriflegra heimilda kemur heim og saman við niðurstöður fornleifafræðinnar? Mín hugsun varðandi heimildagildi norrænna miðaldatexta er þessi: Stærsti efasemdarmaðurinn er ekki endilega stærsti vísindamaðurinn. Það liggur 500 síðna ritgerð á bak við setninguna (Bergsveinn Birgisson 2008). Sú ritgerð gerði það að verkum að ég þorði að fara þá leið sem ég fór í *Leitinni að svarta víkingnum* hvað varðaði aðferð og heimildarýni, sem ég kalla „raunrýni“, og ekki síst þorði ég að sleppa mér lausum í frjálsari orðræðu. Ekki er víst að rétt sé að afgreiða alla þá sem skrifa af áhuga um sitt efni sem einbera „áhugamenn“.

Hlutlægni og huglægni / objektivitet og subjektivitet

Faðir rökhyggjunnar, René Descartes, kynnti á sínum tíma nýtt form vísindahugsunar. Þegar hann kemur fram á sjónarsviðið er ríkjandi vísindahugsun sú sem kölluð hefur verið *signatura* og gekk út á að vísindamaðurinn ætti að finna samhengi hlutanna, samhengi sem Guð hefði plantað í sköpunarverkið, Guðs signatúr. Ágætt

10 Hvorki hjá Frei o.fl. (2015) né Star o.fl. (2018) er vitnað í mínar rannsóknir. Það ku þó vera vísað í *Den svarte vikingen* og *Leitina að svarta víkingnum* í óbirtri rannsókn Keighley o.fl. (2019).

dæmi eru fyrstu krufningartilraunirnar þar sem menn opnuðu höfuðskeljar látinna. Þetta minnti óneitanlega á það að opna valhnetu og skoða innmatinn og út frá slíkum metafórisískum líkindum varð valhnetan að vinsælu höfuðverkjalyfi á miðöldum.¹¹

Descartes segir hinsvegar að vísindaleg aðferð byggist á að rannsaka sérhvern hlut í sjálfum sér og út af fyrir sig en ekki með því að líkja þeim hlut við eitthvað annað. Eftir það hófu menn kapphlaup, eins og við vitum, um að greina alla hluti á analýtísku máli og finna þeim stað í þar til gerðu flokkunarkerfi og tilætlaðri kategóriu, byggja á rannsóknum, mælingum og empiríu fremur en fornum tilgátum (l. *nullius in verba*). Þetta er gott og blessað og það guðspjall upplýsingamannsins sem við búum að miklu leyti við nú á tímum. Það hefur verið skotið á þessa áratútu að finna öllu tilætlaðan stað í ofurtrú á flokkunarkerfum. Þegar Borges (1975 [1952]) í frægu dæmi tekur til við að flokka dýr í þau sem „hafa akkúrat brotið blómavasa, dýr sem í fjarska líkjast flugum og dýr sem skjálfa eins og þau væru brjáluð o.s.frv.“, eru skilaboð rithöfundarins þau að kategórían sjálf sé skálduð og huglæg í eðli sínu og því e.t.v. hæpinn grundvöllur vísindahugsunar. Borges eygir hið mannlega, líka þar sem maðurinn rembist við að vera vísindalegur.

Hættan hér gagnvart vísindum er sú að þegar við setjum hluti í bása í einskönar sjálfvirku, ómeðvituðu ferli, hættum við að sjá þá sömu hluti líkt og formalistarnir austantjalds bentu á fyrir margt löngu (Muka ovský 1964 [1932]). Þannig mætti segja að á djúprættu plani hafi stórfengleg list og alvörugefin vísindi í raun eitt og sama markmið: Að draga hlutina út úr þar til gerðum flokkum/kategóríum — og fá okkur til að sjá þá upp á nýtt. Rússinn Viktor Shklovskí birti hugtakið *defamiliarization*, nokkurskonar ‚furðugerving‘ sem grunntakmark skáldskapar í frægri grein sinni (Shklovsky 1965 [1917]). Báðir segja að skáldskapur eigi að hamla gegn sjálfvirku, ómeðvituðu sambandi við tungumálið og fá okkur til að sjá upp á nýtt. Hið autómatiseraða samband við tungumálið (og söguna) má allt eins líta á sem fjandsamlegt gagnvart vísindum. Í

11 Michel Foucault (2006 [1966]) gefur eitt fyllsta yfirlitið yfir þróunina frá þessari vísindahugsun (f. *épistémé*) miðalda til nútíma vísindahugsunar.

báðum tilvikum kemur manni fyrrgreint „kaós-þol“ í hug og jöfn-um höndum mætti nota til að mæla getu til listsköpunar og vísindaiðkana.

Hvað segja vísindin?

Svo er að sjá sem drjúgur partur af hinum upprunalegu forsendum rökhyggjunnar og hlutlægninnar sé farinn að blikna. Á síðustu árum hefur árásin ekki komið að utan heldur að innan, frá vísindunum sjálfum. Ég byrja á að nefna hugfræði, eða kognitív fræði (e. *cognitive science*).

Eitt orð um flokkun, kategorísingu, eða það sem ég hef reynt að íslenska með „að draga í hugdilkka“, við litlar vinsældir. Hugaræn fræði hafa síðustu áratugi gert harða atlögu að þessum grundvelli hins röklega hugsunarforms. Þar hefur verið sýnt fram á, mjög í anda Borges, að okkar aðferð við að afmarka og skipa hlutum í flokka virðist byggjast á huglægu mati á því sem flokkað er. Þannig er titillinn á bók George Lakoff (1987) talandi dæmi. Hann rannsakaði m.a. frumbyggja Ástralíu og fann meðal þeirra þá kategoríu sem bókin heitir eftir, *Konur, eldur og hættulegir hlutir*. Niðurstaða hans er sú að flokkun hluta byggist m.a. á tilfinningu okkar fyrir þeim, og þar með á huglægni.

Í því sambandi mætti minnst þeirra kategoría sem bókaútgáfan hefur komið sér upp, þar sem prósatextum er skipt í fagurbókmenntir og fræðirit sem aftur leiðir til að blendingsform á borð við það sem er á *Leitinni að svarta vikingnum* er til eilífra vandræða.

Flokkun er vitanlega gagnlegt tæki, án hennar væri verkfræði okkar og verkmenning harla frumstæð. Hér er ekki heldur verið að mæla gegn rökhyggju sem vísindalegri aðferð. Ég er að benda á það að hugsun okkar, mannshugurinn, er ekki vísindalegur að eðli, hann er ekki í samræmi við orðræðuhefðina sem akademían þröngvar honum inn í. Hvers vegna þá þetta leikrit? Er þetta stórabróður-komplex sem litlu hugvísindin — virki hins mannlega — hafa gagnvart raunvísindunum?

Annar punktur í hugfræðum varðar hugsun okkar og metafóru. Ekki er hægt að kalla metafóru myndhverfingar lengur því að

metafórir eru ekki bara myndrænar heldur einnig hugtakslegar (e. *conceptual*). Ef ég segði við landnámsmann: „Ég eyði ekki meiri tíma í þetta“ hefði hann varla skilið hvernig hægt sé að „eyða tíma“ eins og um skotsilfur væri að ræða. Á sama hátt skiljum við ekki hvernig hann getur kallað hug VIND TRÖLLKONU. Það er sökum þess að hér skortir þekkingu á hinni undirliggjandi hugtakslegu metafóru sem gerir yrðingu merkingarbæra og sem við veitum sjaldnast athygli þó að hér sé um kjarnann í merkingu tungumálsins að ræða. Hugtaksmetafóran (e. *conceptual metaphor*) að baki því að eyða tíma telja hugfræðingar fyrst fá almenna útbreiðslu með skrifum Benjamins Franklin á 18. öld, sem sagði TÍMINN ER PENINGAR.¹²

Punktur hugfræða er að metafóra er ekki einhver saklaus fígúra eða trópi í texta, (ástin mín er eins og rós), heldur er metafóran sjálft grundvallarverkfæri mannlegrar hugsunar, metafóran er *conditio humana*, óumflýjanlegt hlutskipti mannsins og gegnsýrandi alla hans yrðingu. Grundvallareinkennið á hugsun mannsins er grundvallaratriði metaforunnar, í stuttu máli, „að skilja einn hlut gegnum annan“ (Lakoff og Turner 1980).

Hér fylgir ærinn baggi með sé þetta rétt. Þetta þýðir að mannsheilinn skilur ekki nokkurn hlut í sjálfum sér eða út af fyrir sig (Descartes), við skiljum allt með því að líkja hlutum við aðra hluti. Þannig vilja hugfræðingar segja að það sé engin leið undan þessu alræði metaforunnar, að jafnvel stærðfræði sé metafórísk í eðli sínu (Lakoff o.fl. 1999). Skynjun okkar er metafóra, við skynjum ekki beint, heldur berum við skynjun saman við reynslubankann og þaðan túlkum við það sem fyrir ber, oftlega í einskonar ómeðvituðu og sjálfvirku ferli. Tráma (e. *trauma*) er ágætt dæmi til að sýna vald metaforunnar yfir okkur.

Ef maður skoðar þetta í ljósi þess sem Descartes kenndi, að greina hlutinn í sjálfum sér en ekki í samhengi við aðra hluti eða samanburði við þá er það mannshuganum ókleift samkvæmt þessu. Mannshugurinn verður að byggja á fyrri reynslu til að smíða til-

12 „*I wasted time, and now doth time waste me,*“ skrifar Shakespeare í *Ríkharði II*, svo ekki mun Franklin fyrstur.

gátu — verður að „skálda tilgátu“ samkvæmt þessu, skilja hvern hlut í sambandi við annan hlut. Hugsun Isaacs Newton um að hann skáldaði ekki tilgátur er göfugt takmark innan vísinda. Annað göfugt takmark væri ef vísindamaður setti fram tilgátu og reyndi sjálfur að afsanna þá tilgátu með öllum mögulegum rökum. Slíkt hef ég aldrei séð nokkurn mann gera á ferli mínum innan hugvísinda.

Metafóran hefur að auki þann eiginleika að varpa ljósi á vissa hluti (það sem passar) og stilla öðru í skugga: Það sem ekki passar er skilið útundan. Einmitt þannig kemur sagnaritun og sagnfræðiritun mér fyrir sjónir. Þegar manneskja ætlar að skrifa um ákveðið tímabil sögunnar, verður sá texti að byggjast á vali, huglægu vali, gjarnan einskonar mýtu sem sagnfræðingurinn hefur komið sér upp, og það vegna þess að sérhvert tímabil er algert kaos ef maður ætlar að gera grein fyrir öllum þáttum þess, og algert kaos er bara fyrir *Übermensch* eins og Nietzsche kenndi, eða fyrir það sem nú kallast gervigreind.

Marxísk sagnfræði var hin eina sanna sagnfræði á sínum tíma þar til ný hugsun tók við. Nú á feminísk sagnfræði upp á pallborðið eða sagnfræði skoðuð út frá forheimskandi kynjafræðum, og það nýjasta er hinsegin saga þar sem hneigðin er að líta á allt andans fólk sögunnar sem meira eða minna hinsegin.

Hugræn sálfræði færir rök fyrir því að hið tilfinningalega drottni yfir minni okkar, og það verður skiljanlegt þegar maður talar við gamalt fólk. Við munum það sem hefur snortið okkur eða hrært¹³ en við eigum erfiðast með að muna það sem kalla mætti abstrakt þekkingu. Þjóðsagnafræðingar hafa á þessum grunni bent á hvernig við munum gegnum sögur og anekdotur og ef til vill er þetta eitthvað sem sagnfræðin sem fag ætti að horfa til af meiri alvöru, sbr. að finna sögu í efninu.

Þá hefur David Kahneman (2011) í bók sinni *Thinking Fast and Slow* sýnt fram á hvernig tilfinning og innsæi drottmar yfir bæði yrðingu okkar og hugsun. Gróflega einfaldað þýðir þetta að hljómfall orðanna er mikilvægara en semantík eða merkingarbært inni-

13 Hér er tráma aftur ágætt dæmi, sem fellur ágætlega að gömlu slagorði Gyðinga: Muna að gleyma því.

hald þeirra. Ef maður segist með reiðri röddu elska einhvern væru móttækin skilaboð að öllum líkindum þau að viðkomandi hataði mann. Hér má því aftur minnst mikilvægi þess sem ég kallaði hljómfall eða tón texta gagnvart lesanda, þ.e. að leyfa sér að vera mannlegur í texta þarf ekki að vera óvísindalegt. Það róar ennisheilabörk móttakandans, sem aftur auðveldar honum að nema og einbeita sér. Hin valdsmannslega rödd, sem segir manni hver sannleikurinn sé og er ósýnileg og hlutlæg, hefur ekki slík áhrif. Norrænir fornmennt sögðu að maðurinn hugsaði með hjartanu. Rannsóknir innan hugfræða síðustu áratuga benda til þess að þeir hafi haft rétt fyrir sér.

Fall tvenndarinnar

Ein af áhugaverðustu árásum síðustu ára á tvenndina bak við akademíska orðræðu, hlutlægni/huglægni, sýnist mér samt sem áður koma frá taugasálfræði (e. *neurological psychology*) og taugalíffræði (e. *neuroscience*). Tvenndin huglægni/hlutlægni byggist á tvíhyggju þar sem líkami og hugur eru aðskildar stærðir; líkami og tilfinningar tilheyrja því lægra en hugsun og hugur eru hins vegar tengd ljómandi hugtökum eins og skynsemi og rökhugsun, *ratio* og *logos*, arfinum frá Forn-Grikkjum gætum við kallað það. Aristóteles skrifar t.d. að draumar séu vafasöm fyrirbæri því að þá sefur *ratio* mannsins og getur því ekki stjórnað þeim hugarmyndum sem fyrir koma (*De somniis* 3, 460b–461a, sjá Aristotle 1987; Minnis 2005). Færum þessa hugsun inn í norrænan sagnaheim sem dæmi. Þar má kannski segja frekar að EKKERT markvert gerist nema fólk dreymi fyrir því fyrst. Þessir tveir menningarheimar eru gerólíkir í hugsun sinni. Hið grísk-rómverska hefur sigrað hugsun okkar æ meira — eða segjum heldur: Okkar vestræni misskilningur á Grikkjum, mestmegnis frá kirkjufeðrum og Aröbum kominn, hefur sigrað á þann veg að ofurtrúin á skynsemi virðist mega rekja til þessa skilnings á Forn-Grikkjum.

Í bók sinni *Descartes's Error: Emotion, Reason and the Human Brain* kemst Antonio Damasio (1994) að því að tilfinningar og kenndir séu nauðsynlegur hluti þess vitræna ferlis sem við köllum

rökhugsun. Þetta er hægt að finna með því að greina þá sem hafa skaðað *prefrontal cortex*, ennisheilablaðið, tilfinningasvæði heilans. Tilfinningar eru þannig ekki hluti af frumstæðu eðli okkar sem við eigum að reyna að bæla niður allt hvað við getum til þess að geta hugsað rökrétt, þær eru þvert á móti grundvöllur rökhugsunar og ákvarðanatöku. Án tilfinninga — engin rökhugsun! Hér er gamla tvenndin sem sagt fokin út í veður og vind og enn og aftur er ég ekki að tala á móti rökhugsun og skynsemi né gegn því að vísindaleg aðferð eigi sér göfug takmörk. Ég er að segja að ef þetta innsæi í mannshugann er rétt, þá er það ekki endilega vísindalegt að vera að leika það að við séum fullkomlega hlutlægar, hlutlausar, röklegar skynsemisverur þegar við skrifum texta — til dæmis sagnfræði.

Ég myndi halda að þvert á móti gæti það verið enn vísindalegra að sýna lesandanum þær hvatir og þær tilfinningar sem maður ber fyrir efninu. Þannig getur lesandinn betur aðskilið efnið sjálft frá miðlara þess. Það er þetta sem ég miða á þegar ég tala um blendingsröddina sem ég notaði í *Leitinni að svarta víkingnum*, þar sem ég dreg ekki fjöður yfir að ég sé manneskja í leit að merkingu, manneskja sem á stundum í mesta basli með að fá hluti til að hanga saman.

Ég tek dæmi af gömlum. Finnur Jónsson gaf út norræn dróttkvæði í fjórum bindum. Hann „normalíseraði“ kvæðin eins og hann taldi að þau ættu að vera (í B-bindum útgáfunnar), „leiðrétti“ þau og endurgerði út frá ólíkum handritum (Finnur Jónsson 1912–1915). Síðari tíma menn hafa sagt óhætt að kasta þeirri normalíseruðu útgáfu fyrir róða vegna þess að hann var alltof mikill skynsemisdýrkandi, hann var raunsæismaður og það fellur t.d. illa að elstu póesíu heiðingianna. Ég myndi halda að ef Finnur hefði gert grein fyrir sjónarhorni skynsemisdýrkandans — þar sem hið röklega kerfi kenninganna var það allra heilagasta — þá hefði verið léttara fyrir síðari fræðimenn að aðskilja Finn Jónsson frá dróttkvæðu skáldunum er kom að útgáfu hans. Má vera að opin og ærleg huglægni sé meiri vinur húmanískra vísinda en orðræða þar sem huglægnin er dulin eða kamúfleruð með hlutlægni?

Þegar kom að mínu efni, komst ég að því að viss huglægni yrði nauðsynlega að vera í miðlun þeirrar rannsóknar ef lesandi átti að

nenna að fylgja mér. Óvissuþættirnir eru satt að segja mjög margir þegar um landnámsöld er að ræða, ekki síst er kom að minni sýn á málið, sem gerði það að verkum að innsæi, innlifun og viss ástríða urðu mikilvægir þættir í miðluninni. Útleiðirnar voru tvær. Að skrifa slatta af greinum um rannsóknir mínar í hlutlægum stíl og senda til vísindatímarita. Það fyrsta sem kom upp í mér þegar ég sá slíkt fyrir mér, var að byrja að hylma yfir margt af óvissuþáttum eða sveigja fram hjá þeim með ákafri afmörkun og verða þeim mun valdsmannslegri í stílnum. Það má heita undarlegt að akademísk orðræða yti manni beinlínis út í slíkt varnarhugarfar.

Ég skynjaði að ég yrði að dylja hið huglæga og persónulega sem var þarna samt sem áður, þ.e. tilfinningu mína fyrir því að eitthvað væri bogið við það hvernig miðaldamenn skrifuðu um Geirmund, innsæi og kenndir (þ. *Gefühl*), sem varð til þess að áðurnefnd heildartilgáta tók að mótask innra með mér. Hér munum við náttúru metafórunnar, hún minnir um margt á rökræður: Ljosi er varpað á það sem styður tilgátuna, hitt er í skugga sem mælir gegn tilgátu.

Hitt sem ég skildi var að út frá brotakenndum og míkroískum vandamálum slíkra greina myndi engin heildartilgáta (syntesa) verða sýnileg né nokkur frásögn í samhengi, sem síðan þýddi að lesandahópurinn yrði mjög takmarkaður. Og þá mætti benda á að ef eitt-hvert vísindalegt framlag er í téðri bók þá hlýtur það að vera heildartilgátan sem rís upp af túlkun hinna ólíku brota sem ég safna saman og sem síðan gerði kröfu um að heimildagildi miðaldatexta yrði að meta upp á nýtt.

Í *Leitinni að svarta vikingnum* reyni ég að leysast úr þeim læðingafjötri sem ég hafði tileinkað mér í hinu akademíska umhverfi. Ég ákvað að reyna að rétta lesandanum hönd og leiða hann með mér, ekki aðeins að niðurstöðu — heldur leiða hann um leitina að niðurstöðunni. Þannig vel ég að sýna efa minn og örvæntingu þegar ég fálma eftir túlkun eða reyni að fá hluti til að hanga saman. Ég leyfi mér að vera líkami, að nota skynjun mína og innsæi, m.a. í ljósi praktískrar reynslu þar sem ég hafði róið sem trillukarl einn á báti ekki langt frá landnámi Geirmundar á Hornströndum og í Steingrímsfirði. Ég reyni að fá lesanda til að taka þátt í þeim

undrum sem ég mæti og áskorunum. Ég vissi að ég yrði að skálda í eyður þessarar sögu ef ég ætlaði að halda lesanda við efnið. Ég lagði mig fram um að stofna það samkomulag við lesanda að ég gerði honum grein fyrir hvenær ég skáldaði í eyður og bar fram rök fyrir þeim eyðufyllingum. Eyðufyllingu í sögu er ekki aðeins hægt að afgreiða sem fabúlu eða tóman skáldskap. Það geta verið fræðileg gæði í eyðufyllingum. Ef eyðufylling er t.d. byggð á kunnáttu á því hvernig hið sama var gert síðar, má varpa því aftur í tímann með vissri varúð og nákvæmri greiningu á báðum samfélögum og tímabilum sem um ræðir og varpa þannig ljósi á óvissuþætti (e. *retrospective method*). Aðrar leiðir má líka fara og ég safna slíkum tilraunum saman undir því sem ég kalla þekkingargrundvallað hugmyndarflug (n. *kunnskapsbasert fantasi*).

Eins og glöggir lesendur sjá minnir þetta mjög á það sem á miðöldum var kallað *argumentum*, það sem var á milli *historia* og *fabula*, það sem gæti hafa gerst og tilheyrði líka sagnfræðinni ef það var vel ígrundað og útfært. „Saga“ er texti sem inniheldur þetta allt saman í meira eða minna mæli. Í stuttu máli má segja að búið sé að taka *argumentum* út úr hinni stofnanalegu akademíu, þrjár kategoríur eru orðnar tvær, sem í þessu tilviki mætti líta á sem vísindalega öfugþróun, og ef ekki öfugþróun þá leiðir það a.m.k. til þöggunar á okkar elstu sögu sem síðan gerir það að verkum að söguöld „minnkar“ og þar með söguleg vitund fólks. Það er vitanlega takmark „Big brother“ hjá George Orwell (1949), og um leið hins síðkapítalistíska efnahagsalræðis sem við siglum hraðbyri inn í, að fólk gleymi sögu sinni. En ætti það ekki frekar að vera takmark húmanískra fræða að sporna við slíkri þróun? Benda má á að ekkert prófessorembætti er t.d. eftir í Noregi hvað varðar víkingaöld, sennilega sökum þess að kerfið lítur á slíkt embætti sem óvísindalegt þar sem heimildir um tímabilið eru ekki til fyrir en á hámiðöldum. Það sýnir hvernig sögurýnin (n. *sagakritikken*) hefur hreiðrað um sig í taugakerfi fólks eins og sjálfvirkur sannleikur. Þetta er aðeins eitt dæmi um fjölmargar atlögur hinnar stofnanalegu akademíu að elstu sögu Norðurlanda, og segir þó meira en mörg orð.

Hið þverfaglega

Hið þverfaglega í *Leitinni að svarta vikingnum* hef ég verið gagnrýndur fyrir. Auk norrænna fræða, fornleifafræða og sagnfræði er komið inn á svo ólíkar greinar sem líffræðilega mannfræði (erfðarannsóknir), örnefnarannsóknir, tilgátu-fornleifafræði, þjóðfræði (n. *etnografi*), þjóðleg fræði (n. *folkloristikk*), hugsálarfræði, hugfræði, metaforufræði og sögu — og staðfræðirannsóknir svo dæmi séu nefnd.

Byrja mætti á að undirstrika að ég sjálfur hef ekki framkvæmt nema brot af þeim grunnrannsóknnum sem ég byggi á til að smíða heildartilgátu mína, sem aftur sýnir mikilvægi þess að míkroískar grunnrannsóknir séu gerðar — hér snýst málið um vísindalegt gildi þess að taka slíkar rannsóknir inn í stærra samhengi. Ég kann ekki neitt í líffræðilegri mannfræði. Það þýðir þó ekki að ég sé óhæfur til að nýta mér niðurstöður úr slíkum grunnrannsóknnum og skoða þær í ljósi heildartilgátunnar sem ég var að vinna með. Ein af skyldum góðs fræðibókahöfundar, eins og ég lít á málið, er að ná að lyfta sjónarhorni út fyrir þann þrönga ramma sem manns litla fag hefur markað. Hið þverfaglega hjálpaði ekki aðeins sögu bókarinnar upp á yfirborðið, það ljáði og textanum víðari skírskotun. Vitanlega stillir maður sig um leið rækilega af til höggs eins og vinnumaðurinn á Máskeldu forðum daga. Spurnin er hversu langt megi ganga, hve mörg ólík fræðasvið getur einn maður tengt saman án þess að verða óvísindalegur. Vandinn við fræðiteymi er að slíkt getur staðið í vegi fyrir að heildartilgáta nái að myndast, heildartilgáta þarf a.m.k. að kvikna í einum huga, og minnir það á dæmi Þorsteins Gylfasonar heitins um andlegt líf á Íslandi: „Það fýkur í bónda. Það fýkur aldrei í nefnd.“

Ég vísa sem dæmi í erfðarannsóknir á Íslendingum innan líffræðilegrar mannfræði. Þar sýnir sig að um 80% af landnámsmönnum voru norrænir að uppruna. Hinsvegar voru u.þ.b. 62,5% af landnámskonum upprunalega keltneskar (Agnar Helgason o.fl. 2000; Agnar Helgason o.fl. 2001; Agnar Helgason o.fl. 2009; Goodacre o.fl. 2005). Það var áhugavert í þessum rannsóknnum á keltnesknum erfðum Íslendinga að ákveðinn setraðahópur (J) reyndist hafa háa

tíðni. Í þessum setraðahópi (nánar tiltekið J1b1) mátti finna tiltekna stökkbreytingu (16192 T). Þessi stökkbreyting kemur fram hjá fólki á Norður-Írlandi, í Suðureyjum við norðanvert Skotland og í Ameríku sökum þess að Keltar af þessu svæði hafa farið þangað á seinni tímum. Og þessa stökkbreytingu má finna í Íslendingum. Þarna lít ég svo á að líffræðilega mannfræðin veiti innsýn í ekki aðeins þjóð-erni sumra landnámskvenna, heldur líka hvaðan af hinu keltneska menningarsvæði þær voru.

Sláandi var hversu vel þetta féll að sögunni sem ég var að grafa upp um Geirmund heljarskinn. Hann kemur með stærstu vöruhloss sín af Íslandi til Dyflinnar snemma á landnámsöld. Hann fær greitt í þrælum, allt annað en vinnuafli er gagnslaust í nýnumdu landi. Ólafur hvíti í Dyflinni stendur líklega fremstur í flokki sem þrælaverslunarmaður, hann stýrir stærstu þrælaverslun Norður-Evrópu á þeim tíma og þarf jafnframt mjög á þessum vörum að halda frá Íslandi því að hann stýrir stærsta skipaflotanum. Ég leiði getum að því að hann hafi gert út Geirmund og Úlf skjálga og féлага þeirra til Thule, nokkuð sem finna má stoð í írskum annálum. Samkvæmt írskum og skoskum samtímaheimildum tók Amlaib þessi þræla einmitt helst á Norður-Írlandi og norðanverðu Skotlandi á sama tíma og Geirmundur kom með vörurnar frá Íslandi. Fræg er för þeirra Ólafs og Dyflinnarkonunga til Armagh á Norður-Írlandi árið 869 til að taka þræla, þeir vissu hvenær pílgrímar söfnuðust þar saman til að heiðra heilagan Patrek. Ekki síður er önnur för árið 871 áhugaverð, þar sem teknir voru m.a. Péttar sem einkum bjuggu í Norður-Skotlandi. Þar segja Írar að Ólafur hvíti og Co. hafi fyllt 200 skip af þrælum (*Fragmentary Annals of Ireland*, sjá t.d. Ulster-annála 871.2).

Það sem hér um ræðir er að ljá þeim niðurstöðum sem fengnar eru aukna merkingu og að setja þær í víðara sögulegt samhengi. Rökin fyrir tilgátunni eru ekki fengin úr líffræðilegri mannfræði, en þar sem líffræðileg mannfræði eða aðrar fræðigreinar geta stutt breiða tilgátu sem sett er fram á forsendum annarra fræðigreina, væri varla vísindalegt að draga dul á það.

* * *

Hér hefur verið rætt um hugtök eins og hlutlægt og huglægt, skynsemi og tilfinningar, og hvernig mannsheilinn virðist háður hvoru tveggja til að geta ástundað röklega hugsun og skrifað læsilega fræðitexta. Og úr því að mig hefur alltaf langað til að vera heimspækingur án þess að hafa burði til, er ekki úr vegi að enda þetta spjall á tilgátunni sem vaxið hefur upp úr þessum þönkum. Hún er sú að hin agaða og þroskaða tilfinning sem sérhver fræðimaður þróar með sér í sínu fagi með elju og ástundun, lestri og beittri ígrundun, djörfung og kaós-þoli, lifandi hugmyndaflugi og víðu sjónarhorni þar sem eldri rannsóknarsaga er gjörþekkt án þess að henni sé fylgt í blindni — að hún sé í raun það sama og fullkomin skynsemi.

Heimildir

- Agnar Helgason, Sigrún Sigurðardóttir, Jeffrey R. Gulcher, Ryk Ward, og Kári Stefánsson. 2000. „mtDNA and the Origin of the Icelanders: Deciphering Signals of Recent Population History.“ *American Journal of Human Genetics* 66: 999–1016.
- Agnar Helgason, E. Hickey, S. Goodacre, V. Bosnes, K. Stefánsson, R. Ward, R. og B. Sykes. 2001. „mtDNA and the Islands of the North Atlantic: Estimating the Proportions of Norse and Gaelic Ancestry.“ *American Journal of Human Genetics* 68: 723–737.
- Agnar Helgason, C. Lalueza-Fox, S. Ghosh, S. Sigurðardóttir, M.L. Sampietro, E. Gigli, A. Baker, J. Bertranpetit, L. Árnadóttir, U. Þorsteinsdóttir og K. Stefánsson. 2009. „Sequences from First Settlers Reveal Rapid Evolution in Icelandic mtDNA Pool.“ *PloS Genetics* 5: 1–10.
- Aristotle. 1987. *Poetics: With the Tractatus Coislinianus, Reconstruction of Poetics II, and the Fragments of the On Poets*. Richard Janko þýddi. Indianapolis, Cambridge: Hackett Publishing Company.
- Bergsveinn Birgisson. 2008. *Inn í skaldens sinn: Kognítive, estetiske og historiske skatter í den norrøne skaldediktingen*. Bergen: Universitetet i Bergen. Aðgengi-
leg á <http://bora.uib.no/handle/1956/2732?show=full>
- Bergsveinn Birgisson. 2013. *Den svarte vikingen*. Oslo: Spartacus.
- Bergsveinn Birgisson. 2016. *Leitin að svarta vikingnum*. Reykjavík: Bjartur.
- Bjarni F. Einarsson. 2011. „Róum við í selin, rostungs út á melinn.“ *Fjörukeljar: Afmælisrit til heiðurs Jónínu Hafsteinsdóttur sjötugri 29. mars 2011*, Ritsstj. Guðrún Kvaran, 31–52. Reykjavík. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Bjarni F. Einarsson. 2018. „Evaforin skáli gæti breytt hugsun okkar um landnám.“ *Fréttablaðið*, 4. júlí.

- Borges, Jorge Luis. 1975 [1952]. *Other inquisitions, 1937–1952* [*Otras inquisiciones 1937–1952*]. Ruth L.C. Simms þýddi. Austin, TX: University of Texas Press.
- Damasio, Antonio. 1994. *Descartes's Error: Emotion, Reason and the Human Brain*. New York: Penguin Books.
- Finnur Jónsson (útg.). 1912–1915. *Den Norsk-Islandske Skjaldediktning*, vol. IB og II B (Rettet tekst 800–1200). København: Rosenkilde og Bagger.
- Foucault, Michel. 2006 [1966]. *Tingenes orden* [*Les mots et les choses*]. Oslo: Spartacus.
- Fragmentary Annals of Ireland*, sjá CELT online: <http://www.ucc.ie/celt/public/shd.html#tfirish>
- Frei, Karin M., Ashley N. Coutu, Konrad Smiarowski, Ramona Harrison, Christian K. Madsen, Jette Arneborg, Robert Frei, Garðar Guðmundsson, Søren M. Sindbæk, James Woollett, Steven Hartman, Megan Hicks og Thomas H. McGovern. 2015. „Was it for Walrus? Viking Age Settlement and Medieval Walrus Ivory Trade in Iceland and Greenland.“ *World Archaeology* 47 (3): 439–466.
- Goodacre, S., A. Helgason, J. Nicholson, L. Southam, L. Ferguson, E. Hickey, E. Vega, K. Stefánsson, R. Ward og B. Sykes. 2005. „Genetic Evidence for a Family-Based Scandinavian Settlement of Shetland and Orkney during the Viking Periods.“ *Heredity* 95: 129–135.
- Gujord, Heming. 2013. „Røverhistorie med fotnoter.“ *Bergens Tidende*, 14. október og 13. desember.
- Helgi Guðmundsson. 1997. *Um haf innan: Vestrænir menn og íslenzk menning á miðöldum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Þorláksson. 2006. „Hefðin / Helgin.“ *Reykjavík 871 +/- 2*. Ritstj. Bryndís Sværissdóttir, 47–75. Reykjavík: Landnámssýningin/The Settlement Exhibition.
- Kahnemann, David. 2011. *Thinking Fast and Slow*. New York: Farrar, Straus and Giroux.
- Keighley, Xénia, Snæbjörn Pálsson, Bjarni F. Einarsson, Ævar Petersen, Meritxell Fernández-Coll, Peter Jordan, Morten Tange Olsen og Hilmar J. Malmquist. 2019. „Disappearance of a Unique Lineage of Icelandic Walruses Coinciding with Norse Settlement Revealed by Ancient DNA and Radiocarbon Dating.“ (Handrit í vinnslu/ *PNAS*).
- Koht, Halvdan. 1914. „Sagaernes opfatning av vor gamle historie.“ *Historisk Tidsskrift* 23: 379–396.
- Lakoff, George. 1987. *Women, Fire and Dangerous Things: What Categories Reveal about the Mind*. Chicago, London: The University of Chicago Press.
- Lakoff, George og Mark Johnson. 1980. *Metaphors We Live By*. Chicago, London: The University of Chicago Press.
- Lakoff, George, Mark Johnson og John Novak. 1999. *Philosophy in the Flesh: The Embodied Mind & its Challenge to Western Thought*. New York: Basic Books.
- Mandelstam, Osip. 1992. *Ordet och kulturen. Essäer översatta och kommenterade av Bengt Jagfeldt*. Stockholm: FIB : S Lyriskklubb.
- Minnis, Alastair. 2005. „Medieval Imagination and Memory.“ *The Cambridge Hi-*

- story of Literary Criticism vol. 2: The Middle Ages.* Ritstj. Alastair Minnis og Ian Johnson, 239–274. Cambridge: Cambridge University Press.
- Muka ovský, Jan. 1964 [1932]. „Standard Language and Poetic Language.“ *A Prague School Reader on Esthetics, Literary Structure, and Style.* Ritstj. P.L. Garvin, 17–30. Georgetown: Georgetown University Press.
- Myhr, Annike Bøstein, Maria Drangeid, Camilla Einerkjær, Karl G. Johansson, Sunniva Gjengedal Knapstad, Kristin Lorentsen, Karen Musæus, Camilla Helene Schäffer, Ane Norreen Thorsen, Johan Tønnesson og Sandra Theting Aarstrand. 2015. „Minne, glemsel og sjanger: Bergsveinn Birgisson's Den svarte vikingen som identitetsskapende narrativ.“ *Edda* 102 (4): 312–325.
- Nansen, Fridtjov. 1911. *Nord i taakeheimen: Utforskningen av jordens nordlige strøk i tidlige tider.* Kristiania: Dybwad.
- Orri Vésteinsson. 2006. „Samhengið.“ *Reykjavík 871 +/- 2.* Ritstj. Bryndís Sverrisdóttir, 14–45. Reykjavík. Landnámssýningin/The Settlement Exhibition.
- Orwell, George. 1949. *Nineteen Eighty-Four.* Penguin Books.
- Rickert, Heinrich. 1929. *Die Grenzen der naturwissenschaftlichen Begriffsbildung: Eine logische Einleitung in die historischen Wissenschaften.* Tybingen: J.C.B. Mohr.
- Shklovsky, Victor. 1965 [1917]. „Art as Technique.“ *Russian Formalist Criticism: Four Essays.* Ritstj. L.T. Lemon og M.J. Reis, 3–24. Lincoln: University of Nebraska Press.
- Star, B., J.H. Barrett, A.T. Gondek og S. Boessenkool. 2018. „Ancient DNA Reveals the Chronology of Walrus Ivory Trade from Norse Greenland.“ *Proc. R. Soc. B* 285: 20180978. Sótt 26. október 2018 á <http://rspb.royalsocietypublishing.org>
- Vésteinn Ólason. 1987. „Norrøn litteratur som historisk kildemateriale.“ *Kilderne til den tidlige middelalders historie: Rapporter til den XX nordiske historiekongres Reykjavík 1987*, Bind 1. Ritstj. Gunnar Karlsson, 30–47. Reykjavík. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Weber, Max. 1976. *Wirtschaft und Gesellschaft: Grundriss der verstehenden Soziologie.* Tübingen: Mohr.
- Weibull, Lauritz. 1911. *Kritiska undersökningar i Nordens Historia omkring år 1000.* Lund: C.W.K. Gleerup.
- Porgeir Tryggvason. 2016. „Söngur svarðreiplagarans: Nokkur orð um leitina að Svarta vikingnum eftir Bergsvein Birgisson.“ *Starafugl.is*, 17. nóvember. Sótt 4. mars 2019 á <https://starafugl.is/2016/songur-svardreiplagarans/>